

Þar eð lög um breytingu með tilliti til útgjalda þeirra, sem hvíla á jafnaðarsjóðunum frá 2. nóvember f. á. 2. gr. ákveða, að kostnaðurinn við rekstur sakamála og lög-reglumanna skuli, að því leyti, sem hann ber að greiða úr opinberum sjóði, borgast úr landssjóði, en það verður ekki ákveðið, fyrr en slíkt mál er á enda kljád, að hve miklu leyti kostnaðurinn við það skuli lenda á hinu opinbera, tel jeg mjer, sem stendur, ekki fært að ávísa til útborgunar úr landssjóði reikningum þeim, erhjer með endursendast, yfir kostnaðinn við skoðunargjörð þá, sem haldin var 1. þ. m., að upphæð 9 kr. 50 auru.

Hin fylgiskjölin, sem voru með brjefi herra amtmannsins 5. þ. m. endursendast sömuleiðis.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um viðgjörð við dómkirkjuna í Reykjavík.* — Jafnframt því að skýra mjer frá því, að viðgerðinni á Reykjavíkur dómkirkju hefði orðið að skjóta á frest til næzta sumars sökum vantandi efnis og vinnuaflla, hafið þjer, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi frá 22. f. m. skýrt mjer frá, að þjer með tilliti til framkvæmdar á þessu verki, að sumri komanda hafið snúid yður til þeirra þriggja íslenzku smiða, er 21. nóvember 1876 sömdu áætlun um kostnaðinn við verkið, en að þjer hafi verið ófúsir á að takast verkið á hendur fyrir borgun þá, er þjer ætluðu á (18651 kr. 13 auru), en að þjer eptir að hafa boðið öllum íslenzkum smiðum starf þetta, hafið fengið tilboð frá Jakobi trjesmið Sveinssyni, að hann vildi taka smiðið að sjer fyrir samtals 21000 kr., og að hann hafi tilgreint þá ástæðu fyrir því að fara fram yfir áætlun þá, sem hann hafið undirskrifað ásamt öðrum, að hann við ítarlegri íhugun hefði komizt að raun um, að nauðsynlegt yrði að gjöra ýmsar breytingar á hinnu upphaflegu áætlun, og við það myndi kostnaðurinn aukast til muna. Sökum þessa og með því að þjer álitid hlutaðeiganda í öllu tilliti áreiðanlegan og fullveðja mann, hafið þjer farið þess á leit, að yður væri gefið vald til að gjöra samning við hann um að framkvæma þetta erfiði fyrir fyrgreinda upphæð 21000 kr., samkvæmt áætlun þeirri, er samin var 1876, en þó þannig, að eptir samkomulagi milli yðar og hans geti orðið breytingar, sem miða til þess að gjöra viðgjörðina traustari.

Út af þessu læt jeg ekki undanfalla þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari aðgjörða, að jeg eptir málavöxtum ekki er því mótfallinn, að þjer semjid við Jakob trjesmið Sveinsson um að fullgera hið umrædda verk með kostum þeim, sem til eru teknir, en þó ber að taka það skýrt fram, að kostnaðurinn megi ekki með nokkru móti fara fram úr 21000 kr., sem er upphæð sú, er hann hefir áskilið sjer.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán úr viðlagasjóði.* — Í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi frá 25. f. m. lútandi að afgangi hins íslenzka landssjóðs um fjárhagstímabilið 1876 og 1877, læt jeg ekki undan falla þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að af tjeðum afgangi mun verða haft á reiðum höndum allt að 30000 kr., til þess að lána fje þetta út eptir nánari tilögum yðar, herra landshöfðingi, í hvert skipti, er svo ber undir, hreppsþjelögum, stofnunum og einstökum mönnum á Íslandi, samkvæmt reglum þeim, er standa um lán úr viðlagasjóði.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um toll af tóbaki í pappírsvindlum.* — Í þóknanlegu brjefi, dags. 27. maí þ. á. hafið þjer, herra landshöfð-